

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 4. nóvember 2022.

Mál nr. 60/2022:

Ákærvaldið

(Einar Tryggvason saksóknari)

gegn

X

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

(Valgerður Dís Valdimarsdóttir réttargæslumaður)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Endurupptaka.

Útdráttur

X var sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa í tvö skipti á tilgreindu tímabili káfað á kynfærum dóttur sinnar, A. Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti gáfu skýrslur X, A og vitnið B. Í dómi Landsréttar var rakið að með framburði A og vitnisins B væri talið sannað að X hefði í eitt skipti á tilgreindu tímabili káfað utanklæða á kynfærum A í stofunni á heimili þeirra. Þá væri einnig talið sannað með framburði A og vitnisins C fyrir héraðsdómi að X hefði öðru sinni á sama tímabili káfað á kynfærum A í svefnherbergi hennar. Þá kom fram að ákærði hefði ekki áður sætt refsingu, brot hans væru alvarleg og beindust að barnungri dóttur hans. Við ákvörðun refsingar bæri að líta til 5. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt væri litið til dráttar á meðferð málsins en rannsókn hefði hafist 6. júní 2015 og málið tafist frekar sökum endurupptöku í Landsrétti í kjölfar úrskurðar endurupptökudóms 11. janúar 2022. Þótti með vísan alvarleika brotsins ekki unnt að skilorðsbinda refsingu nema að hluta. Var refsing X ákveðin fangelsi í 12 mánuði og fullnustu níu mánaða hennar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var X gert að greiða A miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Jón Höskuldsson, Kristbjörg Stephensen og Kristinn Halldórsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Með beiðni 8. apríl 2019 fór ákærði fram á að landsréttarmálið nr. 43/2018, sem dæmt var 14. desember 2018, yrði endurupptekið. Endurupptökudómur varð við þeirri beiðni með úrskurði 11. janúar 2022 í máli nr. 2/2021. Af því tilefni gaf ríkissaksóknari út fyrirkall degi síðar vegna endurupptöku málsins og var það birt fyrir

dómfellda 17. janúar 2022. Málgögn bárust réttinum 12. apríl sama ár. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 2017 í málinu nr. S-[...]/2017.

- 2 Ákærvaldið krefst þess að frávísunarkröfu ákærða verði hafnað, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt 1. lið ákæru og refsing hans þyngd.
- 3 Ákærði krefst aðallega frávísunar 1. liðar í ákæru héraðssaksóknara 12. júní 2017, til vara sýknu af þeirri háttsemi sem hann var sakfelldur fyrir í héraði og til þrautavara að honum verði ekki gerð refsing. Til þrautþrautavara krefst hann að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og fangelsisrefsing alfarið bundin skilorði, verði hún dæmd. Þá er þess krafist að skaðabótakröfu brotþola verði vísað frá dómi en til vara að dæmdar bætur verði lækkaðar.
- 4 Af hálfu brotþola, A, er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. júní 2015 til 23. júlí 2017 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst brotþoli staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar einkaréttarkröfu hennar.
- 5 Við aðalmeðferð málsins í Landsrétti hvarf ákærvaldið frá kröfu sinni um að refsing ákærða verði þyngd.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 6 Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir málsatvikum og framburði ákærða og vitna með tilhlýðilegum hætti. Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti var hlýtt á hluta hljóðupptöku af framburði ákærða í héraði og vitnanna B og C. Jafnframt var spiluð upptaka af framburði brotþola og hluti upptöku af framburði vitnisins B í Barnahúsi 2. júlí 2015. Upptökurnar voru báðar í hljóði og mynd. Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti gaf ákærði viðbótarskýrslu og brotþoli gaf skýrslu að nýju í Barnahúsi. Þá gaf vitnið B viðbótarskýrslu fyrir Landsrétti. Vitnið C skoraðist undan að gefa skýrslu á grundvelli a-liðar 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 7 Ákærði bar, eftir að hafa hlýtt á framburð sinn í héraði, að túlkur í héraði hefði túlkað ranglega að hann hefði borið um að dóttir sín, brotþoli, hefði verið að fróa sér. Hið rétta væri að hann hefði borið um að hún hefði verið að nudda kynfæri sín. Aðspurður hvort hann stæði við framburð sinn að öðru leyti kvaðst hann standa við það sem hann hefði áður sagt og ítrekaði að hann hefði ekki brotið gegn brotþola og hafnaði ásökunum um annað. Aðspurður um kynferðisbrot sem brotþoli virtist hafa orðið fyrir í [...] og ákærði bar ekki um í héraði lýsti hann því að sonur vinafólks þeirra hefði brotið gegn brotþola, er hún dvaldist á heimili þeirra mánuði áður en þau fluttu til Íslands. Þegar til Íslands var komið hefði brotþoli verið mjög kvíðin og hrædd. Hún

hefði ekki getað sofið ein og því hefði hún sofið við hliðina á honum. Hann kvaðst hafa heyrt af brotinu frá fyrrum eiginkonu sinni, móður brotþola, eftir að þau voru komin til Íslands. Brotþoli hefði sagt móður sinni frá atvikinu þegar móðir hennar var að baða hana. Ákærða skildist að maðurinn hefði snert brotþola og sett fingur í kynfærin. Aðspurður um samskipti við brotþola í dag kvaðst ákærði ekki vera í neinum samskiptum við brotþola. Móðir hennar banni henni að hafa samskipti við sig.

- 8 Í skýrslu sinni staðfesti brotþoli, sem er dóttir ákærða, fyrri framburð sinn í Barnahúsi. Aðspurð hvort hún vildi bæta einhverju við fyrri framburð játaði hún því og sagði ákærða hafa snert sig í sturtu. Í hvert skipti sem hún hefði pissað undir í svefni hefði hann sett hana í sturtu og snert kynfæri hennar með tveimur fingrum að utanverðu milli skapabarmanna. Hún hefði beðið móður sína, vitnið C, um að koma í veg fyrir að hann færi með hana í sturtu en hún hefði ekkert getað gert í því. Þetta hefði hent margsinnis eða einu sinni á degi hverjum. Hún hefði pissað undir á hverri nóttu. Þetta hefði byrjað í [...] þegar hún var fjögurra til fimm ára og haldið áfram á Íslandi þegar hún var sjö ára. Hún hefði fyrst sagt móður sinni frá því sem gerðist í sturtunni eftir að hún gaf skýrslu í Barnahúsi. Spurð nánar út í atvik í stofu á heimili þeirra að [...] í Reykjavík og fjölda skipta sem ákærði hefði nuddað á henni kynfærin kvað hún það hafa gerst einu sinni. Systir hennar, vitnið B, hefði séð til atviksins í stofunni. En það hefði líka gerst í rúmi hennar. Ákærði hefði klætt hana úr náttbuxum og nærbuxum og svo nuddað á henni kynfærin. Hún hefði verið sofandi en vaknað þegar hann snerti hana og þá áttað sig á að það var ákærði. Þetta hefði gerst á hverri nóttu þegar aðrir sváfu. Hún hefði reynt að vakna ekki því hún vildi ekki finna að hann væri að snerta hana. Hún hefði sagt móður sinni frá því, sem gerðist í rúmi hennar, sama dag og hún sagði henni frá því sem átti sér stað í sturtunni. Þá kvaðst hún halda að systir hennar hefði verið búin að segja móður þeirra frá því sem hún sá í stofunni. Aðspurð um líðan þegar þetta átti sér stað í rúmi hennar kvaðst hún hafa verið mjög hrædd. Kvaðst hún „hata að þetta hefði komið fyrir [sig]“ og vera hrædd við föður sinn. Hún sé ekki í neinum samskiptum við hann í dag og vilji það ekki.
- 9 Í skýrslu sinni bar vitnið B, systir brotþola, að sér hefði liðið illa þegar hún gaf skýrslu í Barnahúsi og gæti hafa ruglast í framburði sínum. Hins vegar væri allt sem hún hefði borið fyrir héraðsdómi rétt og staðfesti hún þann framburð. Aðspurð út í atvik í stofu, sem hún bar um í héraði og hvort hún gæti lýst því nánar sem hún varð vitni að þar, kvaðst hún hafa komið út úr svefnherbergi sínu og séð ákærða með hendur í klofi brotþola þar sem þau lágu saman í sófa. Ákærði hefði snúið baki í hana og legið með brotþola fyrir framan sig og snúið að brotþola. Hún hefði séð þetta vel. Ákærði hefði verið vakandi en brotþoli sofandi. Við þessa sýn hefði hún snúið

við og farið aftur í herbergi sitt. Móðir þeirra hefði verið sofandi meðan á þessu stóð og ekki orðið vitni að þessu. Vitnið kvaðst ekki vera í samskiptum við ákærða þar sem þær mæðgur hefðu gengið í gegnum marga slæma hluti er þær bjuggu með honum.

Niðurstaða

- 10 Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sakfelldur fyrir að hafa í að minnsta kosti þrjú skipti káfað utanklæða á kynfærum brotþola í stofu á heimili þeirra að [...] í Reykjavík. Ákærði var á hinn bóginn sýknaður af því að hafa margsinnis horft á klámmyndir í viðurvist dætra sinna á tímabilinu janúar til júní árið 2015 og að hafa í eitt skipti á sama tímabili fróað sér í stofunni í viðurvist brotþola. Ákærvaldið unir þeirri niðurstöðu og kemur hún því ekki til endurskoðunar fyrir Landsrétti.
- 11 Ákærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi þar sem verknáðarlýsing ákæru sé í andstöðu við c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008, auk þess sem hann hafi verið sakfelldur fyrir aðra háttsemi en hann var ákærður fyrir, sem sé andstætt 1. mgr. 180 gr. sömu laga. Byggir ákærði í fyrsta lagi á því að vísa beri málinu frá vegna þess sérkennilega orðalags í ákæru að hafa „í fleiri skipti“ káfað á kynfærum brotþola. Hann hafi þannig ekki verið ákærður fyrir að káfa á kynfærum brotþola í fyrsta skipti og verði af þeim sökum ekki sakfelldur fyrir fleiri skipti. Í öðru lagi sé ákærði ákærður fyrir að hafa káfað á kynfærum brotþola innanklæða, ekki utanklæða eins og hann var sakfelldur fyrir. Í þriðja lagi beri að vísa málinu frá vegna ónákvæmni í ákæru varðandi á hvaða tímabili hin ætlaða refsiverða háttsemi hafi átt sér stað en þegar ákæran var gefin út lá fyrir að hin ætlaða refsiverða háttsemi gat ekki hafa átt sér stað á tímabilinu janúar til júní 2015 þar sem ákærði hafi aðeins búið hluta tímabilsins með dætrum sínum og fyrrverandi eiginkonu að [...].
- 12 Í dómaframskýringu hafa fyrirmæli c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 verið skýrð svo að lýsing á þeirri háttsemi sem ákærða er gefin að sök í ákæru verði að vera svo greinargóð og skýr að hann geti ráðið af henni hvaða háttsemi hann sé sakaður um og hvaða ákvæði refsilaga hann sé talinn hafa gerst brotlegur við. Mega ekki vera slík tvímæli um hverjar sakargiftir séu að ákærða verði með réttu talið torvelt að taka afstöðu til þeirra og halda uppi vörnum. Samkvæmt þessu verður ákæran að leggja viðhlítandi grundvöll að saksókninni svo að dómur verði lagður á málið í samræmi við ákæru enda verður ákærði ekki dæmdur fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir, sbr. 1. mgr. 180 gr. laga nr. 88/2008. Þó má eftir sama ákvæði sakfella ákærða þó að aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt vegna þess.
- 13 Það ræðst nánar af atvikum máls hvaða kröfur verða gerðar til skýrleika ákæru. Í sumum tilvikum er þannig unnt að greina nákvæmlega í ákæru hvar, hvenær og

hvernig ætlað brot ákærða er talið hafa verið framið en í öðrum er þess ekki kostur, eins og þegar refsiverð háttsemi er álitin hafa verið fólgin í fleiri hliðstæðum athöfnum yfir lengra tímabil. Þegar tekin er afstaða til þess hvort vísa beri máli frá dómi sökum ófullnægjandi verknaðarlýsingar í ákæru verður þó, eins og áður er komið fram, alltaf að miða við hvort þar sé gerð nægilega glögg grein fyrir sakargiftum svo ákærða sé fært að taka afstöðu til þeirra og halda uppi viðhlítandi vörnum gegn þeim.

- 14 Ákærða er gefið að sök að hafa í fleiri skipti á tímabilinu frá janúar til júní 2015 káfað á kynfærum brotaþola á þáverandi heimili þeirra að [...]. Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti breytti ákærvaldið tímabilinu sem hin refsiverða háttsemi á að hafa átt sér stað og er nú ákært fyrir tímabilið 29. janúar 2015 til loka maí sama ár er brotaþoli flutti í [...] ásamt vitnunum C og B. Þótt í ákæru hafi verið tilgreint lengra tímabil en nam raunverulegri sambúð ákærða og fyrrverandi eiginkonu hans og dætra, þar á meðal brotaþola, verður ekki fallist á að það hafi gert ákærða erfitt um vik að taka til varna en um aukaatriði brots er að ræða, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Þá er í verknaðarlýsingu ákæru lýst broti gegn 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brotið heimfært til þess ákvæðis. Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði enda sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. þótt ekki teldist sannað að hann hefði káfað á brotaþola innanklæða og hann því sakfelldur fyrir vægari háttsemi en gat í ákæru. Þá er ekki fallist á að aðrir þeir ágallar séu á verknaðarlýsingu ákæru að frávísun varði en ámóta verknaðarlýsing hefur í dómaframkvæmd verið talin fullnægja skilyrðum c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar 22. október 2009 í máli nr. 259/2009 og 5. febrúar 2015 í máli nr. 513/2014. Kröfu ákærða um frávísun málsins verður samkvæmt framangreindu hafnað.
- 15 Eins og fram er komið var ákærði sakfelldur í héraði fyrir að hafa í að minnsta kosti þrjú skipti káfað utanklæða á kynfærum brotaþola í stofu á heimili þeirra. Er tekið fram í hinum áfrýjaða dómi að til grundvallar þeirri niðurstöðu sé lagður framburður brotaþola, sem fengi stoð í vitnisburði B, C og D að hluta til, svo og skýrslu og framburði E.
- 16 Í skýrslu brotaþola fyrir Landsrétti, sem gefin var í Barnahúsi, staðfesti hún fyrri skýrslu sína 2. júlí 2015 en þar lýsti hún bæði með orðum og látbragði að ákærði hefði oft nuddað kynfæri hennar. Lýsti hún því nánar í skýrslu sinni fyrir Landsrétti og greindi meðal annars frá einu skipti í stofu á heimili þeirra. Hafi systir hennar orðið vitni að atvikinu. Þá hafi hið sama einnig margoft gerst í rúmi hennar að næturlagi þegar aðrir sváfu. Framburður brotaþola, virtur heildstætt, er trúverðugur um að ákærði hafi ítrekað klætt hana úr náttbuxum og nærbuxum og nuddað kynfæri hennar. Við mat á framburðinum verður að gæta að því að um er að ræða minningar sjö ára

gamals barns sem meðal annars greinir frá því að það hafi reynt að vakna ekki við aðfarir ákærða svo það yrði ekki vart við snertingar hans. Er ekki ótrúverðugt að í minningu svo ungs barns hafi þetta gerst svo til á hverri nóttu þótt engu verði slegið föstu um að svo hafi verið í reynd. Þá verður það ekki heldur talið draga úr trúverðugleika brotþola að hún bar um að ákærði hefði daglega í mörg ár brotið á henni í sturtu en þar virðist brotþoli lýsa því að ákærði hafi baðað hana en hún bar jafnframt um að hún hefði pissað undir á hverri nóttu. Er ekki ólíklegt að hún, sem barn, geri í minningu sinni ekki skýran greinarmun á nuddi og þvotti á kynfærum sem hvoru tveggja sé framkvæmt af ákærða.

- 17 Framburður brotþola fær stoð í framburði vitnisins B sem bar með skýrum hætti, bæði í héraði og fyrir Landsrétti, um eitt tilvik þar sem hún kvaðst hafa séð ákærða setja hönd á kynfæri brotþola í stofu á heimili þeirra.
- 18 Framburður vitnisins C í héraði var nokkuð óstöðugur og ekki fullt samræmi milli hans og skýrslu sem hún gaf hjá lögreglu 10. júní 2015. Þar sem vitnið skoraðist undan að gefa skýrslu fyrir Landsrétti gafst ekki færi á að spyrja vitnið nánar út í misræmið í framburði þess. Hefur það þýðingu við sönnunarmatið. Allt að einu lýsti vitnið því fyrir héraðsdómi hvernig það hefði nótt eina vaknað við að ákærði var ekki í rúmi þeirra. Vitnið hefði farið inn í herbergi brotþola og fundið ákærða í rúmi hennar. Vitnið hefði lyft sænginni af þeim og séð ákærða með hendur innanklæða á kynfærum brotþola. Fær sá framburður stoð í framburði brotþola eins og lýst er að framan. Hvað varðar framburð vitnisins um að það hefði orðið vitni að samskonar athæfi af hálfu ákærða í stofu á heimili þeirra verður að horfa til þess að vitnið bar að það hefði ekki séð það skýrt, það hefði ekki verið „nálægt alveg“. Verður samkvæmt því ekki byggt á framburði vitnisins um það tilvik eða um önnur skipti sem vitnið nefndi með óljósum hætti.
- 19 Samkvæmt framansögðu verður með framburði brotþola og vitnisins B talið sannað að ákærði hafi í eitt skipti á tímabilinu 29. janúar til 31. maí 2015 káfað utanklæða á kynfærum brotþola er þau voru í stofunni á heimili þeirra. Þá verður með framburði brotþola og vitnisins C einnig talið sannað að ákærði hafi öðru sinni á sama tímabili káfað á kynfærum brotþola í svefnherbergi hennar. Þótt brotþoli beri um að ákærði hafi klætt hana úr náttbuxum og nærbuxum en vitnið C að ákærði hafi haft hendur sínar innanklæða á brotþola þykir það misræmi ekki þess eðlis að ákærði verði ekki sakfelldur fyrir að hafa í framangreint skipti nuddað kynfæri brotþola innanklæða svo sem segir í ákæru. Brotin eru réttilega heimfærð til 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

- 20 Ákærða hefur ekki áður verið gerð refsing svo vitað sé. Brot hans voru alvarleg og beindust að barnungri dóttur hans. Við ákvörðun refsingar ber að líta til 5. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn hefur meðferð máls þessa dregist úr hömlu. Rannsókn málsins hófst 6. júní 2015 er lögreglu barst erindi barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Var skýrsla tekin af vitninu C 10. sama mánaðar og af brotaþola og vitninu B 2. júlí 2015. Öll rannsóknargögn höfðu borist lögreglu 11. júlí 2016 og bótakröfur voru lagðar fram 19. ágúst sama ár. Ákæra í málinu var eigi að síður ekki gefin út fyrir en 12. júní 2017. Héraðsdómur í málinu var kveðinn upp 10. nóvember sama ár og dómur Landsréttar í máli nr. 43/2018 lá fyrir 14. desember 2018. Meðferð málsins tafðist jafnframt vegna endurupptöku þess en úrskurður endurupptökudóms um að fallist væri á endurupptökubeiðni ákærða var kveðinn upp 11. janúar 2022. Litið verður til framangreinds dráttar á meðferð málsins við ákvörðun refsingar ákærða en vegna alvarleika brotsins þykir ekki unnt að skilorðsbinda refsinguna nema að hluta, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 24. janúar 2013 í máli nr. 574/2012 og dóm Landsréttar 7. október 2022 í máli nr. 61/2022. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í 12 mánuði en af henni skulu níu mánuðir bundnir skilorði svo sem í dómsorði greinir.
- 21 Með vísan til þeirra sjónarmiða sem reifuð eru í hinum áfrýjaða dómi um miskabætur til handa brotaþola þykir fjárhæð þeirra hæfilega ákveðin 1.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta eins og í dómsorði greinir.
- 22 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest.
- 23 Allur sakarkostnaður vegna reksturs landsréttarmáls nr. 43/2018 greiðist úr ríkissjóði með þeim fjárhæðum sem ákveðnar voru með dómi réttarins 14. desember 2018. Allur kostnaður af rekstri málsins fyrir Landsrétti vegna endurupptöku þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 6. mgr. 232. gr., sbr. 6. mgr. 231. gr. laga nr. 88/2008. Málsvarnarlaun verjanda ákærða og þóknun réttargæslumanns brotaþola eru ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingu hans og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu þessa dóms haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotaþola, A, 1.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. júní 2015 til 23. júlí 2017 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Allur sakarkostnaður vegna reksturs landsréttarmáls nr. 43/2018 greiðist úr ríkissjóði með þeim fjárhæðum sem ákveðnar voru með dómi réttarins 14. desember 2018.

Allur kostnaður af rekstri málsins fyrir Landsrétti vegna endurupptöku þess greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 1.116.000 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Valgerðar Valdimarsdóttur lögmanns, 613.800 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, föstudaginn [...] 2017

Mál þetta, sem dómtekið var 26. október sl., var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 12. júní 2017 á hendur: „X, kennitala [...], [...], [...], fyrir neðangreind kynferðisbrot gagnvart dætrum sínum, B, kt. [...] og A, kt. [...], á þáverandi heimili þeirra að [...] á tímabilinu frá janúar til júní árið 2015:

1. Með því að hafa í fleiri skipti á ofangreindu tímabili káfað á kynfærum A innanklæða. Telst brot þetta varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.
2. Með því að hafa margsinnis á ofangreindu tímabili horft á klámmyndir í viðurvist dætra sinna, B og A. Telst brot þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 98. gr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
3. Með því að hafa í eitt skipti á ofangreindu tímabili fróað sér í stofunni á heimili þeirra í viðurvist A. Telst brot þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 98. gr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu C, kt. [...], fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 10. júní 2015 til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafa þessi var kynnt fyrir kærða, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu þóknunar við réttargæslu að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að teknu tilliti til virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun.

Af hálfu C, kt. [...], fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar B, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 10. júní 2015 til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafa þessi var kynnt fyrir kærða, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er gerð krafa um greiðslu þóknunar við réttargæslu að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að teknu tilliti til virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun.“

Verjandi ákærða gerir þær kröfur að ákærði verði sýknaður en til vara að fullnustu refsingar verði frestað. Til þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing er lög leyfa. Hann krefst þess að bótakröfum verði vísað frá dómi, en til vara að bætur verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Mál þetta var upphaflega tekið til dóms 15. september 2017. Þann 3. október 2017, að framkomnum upplýsingum sem ekki lágu fyrir í málinu, var það endurupptekið á grundvelli 1. mgr. 168. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Óskaði dómurinn eftir því að tiltekinna gagna yrði aflað með vísan til 2. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008. Að þeim fengnum taldi dómurinn ekki ástæðu til að grípa til frekari ráðstafana og var málið því dómtekið að nýju.

I.

Upphaf málsins má rekja til bréfs Barnaverndar Reykjavíkur til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá 4. júní 2015, þar sem óskað er rannsóknar á meintum kynferðisbrotum ákærða gagnvart dætrum sínum, B og A, brotapolum í máli þessu. Þar er rakin forsaga fjölskyldunnar sem er frá [...] og flutti til landsins [...]. Barnaverndaryfirvöld og lögregla höfðu áður haft afskipti af málefnum þeirra, m.a. vegna tilkynninga um ætlað ofbeldi ákærða gagnvart B eftir að fjölskyldan flutti til landsins. Hefði B fengið aðstoð hér á landi vegna sjálfskaðandi hegðunar og andlegra erfiðleika. Fram kom í bréfinu að ákærði og eiginkona hans væru ekki lengur í sambúð. Þjuggu mæðgurnar að [...] en ákærða var útvegað annað húsnæði.

Þá er í bréfinu vísað til þess að lögregla hefði verið kvödd á heimilið í lok [...] 2015, en umrætt sinn hafði ákærði komið þangað og mikið uppnám hafði skapast. Í kjölfar tilkynningar frá starfsmanni [...] 2. júní 2015 um sterkan grun um kynferðislegt ofbeldi ákærða gagnvart telpunum, var rætt við móður þeirra C og B á þjónustumiðstöð. Kvaðst C hafa séð ákærða fara með höndina í klof A, en hún hafi sofið á milli þeirra hjóna. Þá hafi A sagt henni að hún hefði séð ákærða horfa á klám og nudda getnaðarlim sinn fyrir framan hana. B staðfesti að hún hefði séð ákærða horfa á klámmyndbönd í viðurvist A en sjálf hafi hún farið inn í herbergið sitt. Þá kvaðst hún hafa séð ákærða káfa á klofi A.

Meðal gagna málsins er skýrsla lögreglu, dagsett [...] 2015, sem rituð var af framangreindu tilefni. Þar kemur fram að rætt hafi verið við vitni á staðnum, D, sem greindi lögreglu frá því að hún hefði átt trúnaðarsamtal við A og B og hafði grunsemdir um að ákærði hefði brotið gegn þeim með því að horfa á klámefni fyrir framan þær og fróa sér. Vísaði hún til þess að hún hefði tekið upp samtöl á símann sinn fyrir um fjórum vikum síðan. Starfsmanni Barnaverndar Reykjavíkur sem var á vettvangi var tilkynnt um þetta.

Þann 10. júní 2015 var tekin kæruskýrsla af C þar sem hún greindi frá því að hún hefði séð hendur ákærða í klofi A, utanklæða, þar sem hún lá sofandi. Einnig hafi A greint henni frá slíkum tilvikum. Þá hafi hann margsinnis horft á klámefni fyrir framan A og B.

Skýrsla var tekin af brotapolum í Barnahúsi 2. júlí 2015. Þá var B [...] ára gömul en A [...] ára. Ákveðið var að B, sem nú er orðin [...] ára gömul, kæmi fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins. Verður framburður hennar rakinn í kafla II.

Í skýrslu A í Barnahúsi kom fram að hún væri hrædd við ákærða því hann nuddaði mjög oft klof hennar. Sýndi hún það með því að nudda klof sitt yfir sokkabuxurnar. Kvaðst hún hafa sofið en fundið fyrir því sem gerðist. Ákærði hafi farið inn undir náttbuxurnar. Kvaðst hún hafa orðið mjög hrædd og „ég var alltaf að fara að öskra þegar ég var sofandi“. Þá kvaðst hún „alltaf“ hafa séð ákærða horfa á

klámmyndir. Myndir þar sem konur væru naktar. Þá hafi hún séð ákærða í eitt skipti nudda getnaðarlim sinn án þess að vera í brók, á meðan hann horfði á slíka mynd.

Ákærði var fyrst yfirheyrður vegna málsins 15. júní 2015. Hann neitaði sök hvað varðar meint kynferðisbrot gagnvart brotapolum og kvað sakirnar sem á hann væru bornar upplognar. Ákærði var yfirheyrður aftur 13. nóvember 2015 og bar þá á sama veg. Taldi hann líklegt að móðir brotþola hefði haft áhrif á framburð þeirra enda vildi hún skilja við hann og útiloka hann frá því að hitta þær. Ákærði kvaðst ekki horfa á klámmyndir.

Á meðal ganga málsins eru vottorð E, sálfræðings í Barnahúsi vegna greiningar og meðferðar brotþola eftir að tekin hafði verið skýrsla af þeim 2. júní 2015. Sótti A 13 viðtöl hjá sálfræðingnum og B 10 viðtöl og er meðferðarvinnu hvors þeirra um sig lýst ítarlega. Haft er eftir A að ákærði hefði m.a. komið við einkastaði hennar og snert kynfæri hennar. Þá er haft eftir B að hún hafi séð ákærða horfa á klámmynd með A sér við hlið. Þá hafi hún séð hann í eitt skipti með höndina í klofi hennar.

II.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði neitaði sök hvað alla ákæruliði varðar. Hann greindi frá því að hann og C hefðu verið fráskilin síðan í [...]. Hann lýsti sambandi sínu við A sem mjög góðu. A hafi verið hrædd við að sofa ein og hafi sofið hjá honum eða á milli þeirra hjóna. Hún hafi verið nánari honum en móður sinni og hafi hann mestmegnis sinnt henni. Nánar spurður kvaðst hann venjulega hafa komið seint heim á kvöldin frá [...]. Ákærði taldi þær sakir sem bornar væru á hann vera uppspuna og samantekin ráð C og B. Skýrði hann framburð A á þann veg að þær mæðgur hefðu haft áhrif á hana. Kvað hann hana aldrei hafa sýnt kynferðislega hegðun enda hefði hún ekki vit á neinu slíku. Hvað B varði kvað hann hana mikið halda til inni í herbergi sínu. Þau hafi tekist mikið á og hann beitt ákveðnu harðræði í uppeldisaðferðum þegar hún hafi viljað fara leiðir sem hann taldi rangar.

Spurður um klámefni kvaðst ákærði ekki horfa á slíkt. Á heimilinu hafi aðeins verið horft á venjulegar kvikmyndir og barnaefni sem fengið væri að láni frá bókasafni eða frá [...]. Telpurnar verði feimnar við það eitt að sjá fólk kyssast í bíómyndum en samkvæmt hans menningu væri talið skammarlegt að horfa á slíkt. Hann kvaðst ekki hafa stundað sjálfsfróun þegar hann var í hjónabandi.

B lýsti því að hún hefði séð ákærða snerta kynfæri A í eitt skipti á heimili þeirra að [...]. Ákærði hafi legið á hlið í sófanum og A fyrir framan hann. Hún hafi verið í náttbuxum og ákærði snert kynfæri hennar utanklæða. Hún hafi séð hann hreyfa höndina. A hafi sofið en ákærði verið vakandi. Hann hafi ekki séð hana því hann hafi snúið baki í hana. Hún hafi þó séð yfir sófann. Kvaðst hún ekkert hafa aðhafst og farið inn til sín. Hún hafi síðar sagt móður sinni frá þessu.

B kvað ákærða hafa horft á klámefni. Eitt sinn hafi hún séð hann horfa á slíkt efni en þá var hún með vinkonu sinni og skammaðist sín. Lýsti hún klámefni á þann veg að þá sjáist fólk kyssast og ljóst að stefni í eitthvað meira. Beðin um að lýsa því efni sem hún sá kvaðst hún hafa séð mann afklæða konu. Um hafi verið að ræða dvd diskum sem ákærði kom með. Kvaðst hún ekki geta lýst efninu frekar því hún hafi ekki horft á það og kærði sig ekki um það. A hafi hins vegar gert það og eitt sinn hlaupið til mömmu sinnar og lýst því sem hún sá. Aðspurð kvaðst hún aldrei hafa séð ákærða fróa sér. Hún kvað A ekki hafa sérstaklega rætt við hana um meint brot ákærða gegn henni heldur við móður þeirra. Vissi hún vissi að A hefði m.a. sagt að ákærði hefði nuddað getnaðarlim sinn. Kvað hún A hafa sýnt með látbragði hvernig ákærði gerði við sjálfan sig og vinkona móður hennar tekið upp og sent barnavernd. Þá hafi hún séð A nudda klof sitt og sýna hvernig ákærði gerði við hana.

Aðspurð kvað hún samband hennar og ákærða alltaf hafa verið slæmt og að hún óttaðist hann. Samband hans við A væri mjög gott því hún væri ung og hann gerði meira fyrir hana. Þegar borðið var undir hana að ákærði teldi ásakanir á hendur honum upplagnar spurði hún hvers vegna hún ætti að vilja komast í burtu frá honum hefði hann ekki gert neitt rangt. Hún vildi þó helst gleyma því sem gerðist.

C, móðir brotþola, kvað A hafa sagt sér að ákærði hefði nuddað kynfæri hennar og að hún hafi látið sem hún svæfi. Aðspurð kvaðst hún hafa orðið vitni að því í stofunni, svefnherbergi A og í hjónaherberginu eitt til tvö skipti á hverjum stað. Á sófanum hafi ákærði legið með A, haldið utan um hana með hönd á kynfærum hennar utanklæða. Hún hafi ekki séð þetta mjög vel. Þá nefndi hún tilvik í svefnherberginu en þá hafi hann snert kynfæri A utanklæða og nuddað. Hafi vitnið tekið höndina frá og sagt honum að gera þetta frekar við sig. Þá man hún eftir skipti þegar ákærði var kominn inn í herbergi A og hafi hún kippt sænginni af henni og séð hönd ákærða í klofi A innanklæða. Spurð um viðbrögð sín þessi skipti kvaðst hún ekkert hafa aðhafst. Hún hafi ekki vitað hvað hún ætti að gera og hann hafi ekki hlustað á hana. Þá hafi hún óttast að börnin yrðu tekin af henni

Vitnið kvað ákærða horfa á klámefni. Það væri efni sem sýndi þar stunda kynlíf og einnig hefði hún séð konu á súlu. Hún kvaðst ekki hafa horft á þetta efni enda vildi hún það alls ekki. Hún hafi beðið ákærða að horfa bara þegar telpurnar væru farnar í rúmið en hann hafi ekki hlustað á hana. Hún kvaðst ekki geta lýst þessum myndum frekar, hulstri dvd myndana eða öðru enda væri þetta „hans dót“. Kvað hún A hafa komið til sín einu sinni uppveðraða og sagt að hún hefði séð fólk á nærbuxunum. Þá hafi hún sagt að ákærði hefði tekið getnaðarliminn út og væri að nudda sig. Vitnið hafi þó ekkert aðhafst. A hafi sýnt henni með höndunum hvernig hann gerði. Þessa hegðun hafi hún ekki sýnt fyrr. Þá hafi hún einhverju sinni viljað nudda kynfæri vitnisins.

Spurð hvers vegna hún hefði ekki greint frá því sem hún segði frá nú fyrir dómi á fyrri stigum málsins, kvaðst hún hafa talið að ekki væri þörf á að segja allt til þess að hún fengi hjálp. Þá hafi reynst henni erfitt að muna allt.

D kvaðst hafa kynnst telpunum og *C* eftir að þær komu til landsins. Hún hafi fljótlega tekið eftir því að telpurnar voru ekki eðlilegar. Þær hafi sýnt greinileg óttaviðbrögð vegna ákærða. Rifjaði vitnið upp atvik er lögregla kom á vettvang. Kvaðst vitnið hafa farið að spyrja um ástæðu þess. A hafi sagt að pabbi hennar færi í leik sem henni líkaði ekki. Hún hefði sýnt þennan leik á dúkku með því að nudda klof hennar. Þá var vitninu minnstætt að A hefði sýnt henni handarhreyfingu, eins og karlmaður sem stundi sjálfsfróun. Kvað hún ákærða hafa gert þetta þegar hann horfði á naktar konur í stofunni. Hún hafi beðið B um að taka þetta upp á símann sinn en A hafi verið feimin við að sýna vitninu þetta aftur. Hafi vitnið beðið í næsta herbergi. Síðan hafi hún komið upptökunni til barnaverndar. Þegar borinn var undir vitnið framburður hjá lögreglu um að A hefði sagt henni að ákærði vildi að þau svæfu saman og væri alltaf að reyna að snerta hana á stöðum sem ekki mætti, kvaðst vitnið ekki muna eftir þessu í dag. Hún hefði bara hugsað um að ýta ekki á telpuna og vildi koma málinu í hendur yfirvalda sem hún gerði samdægurs.

E sálfræðingur kvaðst hafa haft A og B í viðtalsmeðferð. Fór hún í stuttu máli yfir helstu niðurstöður og aðferðir. Vitnið kvað A hafa sagt að ákærði hefði snert kynfæri hennar og sýndi á dúkkum hvernig hann gerði. Aðspurð kvað hún þetta hafa gerst á Íslandi. Einnig nefndi hún að hún hefði séð klámefni en þær hafi ekki rætt innihald þess frekar. A hafi í upphafi meðferðar verið sérlega stressuð og hrædd. Hún hafi einnig verið reið og vildi ekki tala um föður sinn. Þá hafi hún verið reið út í móður sína fyrir að hjálpa henni ekki. Eftir að málið var farið af stað hafi hún slakað betur á og orðið öll öruggari. [...]. Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa haft á tilfinningunni að þrýst væri á A að segja frá, frásögn hennar hafi verið mjög „náttúruleg“ og einnig hvernig hún tjáði sig með leik. Það sem ákærði gerði hafi verið henni mjög ofarlega í huga og þau atvik haft greinileg áhrif á hennar líðan. Hafi hún sagt aðspurð að það væri það allra erfiðasta sem fyrir hana hefði komið.

F félagsráðgjafi, kvað fyrstu aðkomu vitnisins hafa verið í mars 2015 vegna annarra mála en síðar hafi hún lagt fram beiðni um lögreglurannsókn og lýsti aðdraganda hennar. Tilkynningar hefðu borist Barnavernd Reykjavíkur vegna átaka í fjölskyldunni og hafi verið útköll á heimilið vegna þess m.a. vegna meints ofbeldis ákærða gegn mæðgunum. Þá hafi borist tilkynning 31. maí 2015 vegna grunsemda um kynferðislegt ofbeldi gegn A. Vitnið kvaðst hafa farið og rætt við telpuna í skólanum. Hún hafi sýnt afar mikil óttaviðbrögð, tekið fyrir munn sér þegar ákærði var nefndur á nafn og verið öll á iði. Kvaðst vitnið þó ekki hafa rætt við hana um meint kynferðislegt ofbeldi.

Vitnið hafi einnig rætt við B og móður telpnanna C. B hafi liðið mjög illa. Hún hafi í samtalinu nefnt brot ákærða gagnvart systur sinni en ákærði hefði þá káfað á klofi hennar. Þá hafi hún nefnt að ákærði horfði á klámmyndbönd sem A hefði aðallega séð. Hvað C varði þá hafi henni legið mikið á hjarta og þurft að segja frá mörgu. Kvað vitnið mikið hafa verið að gerast hjá þessari fjölskyldu sem var tiltölulega nýkomin til landsins [...]. Hafi hún greint frá meintu ofbeldi ákærða og vildi skilja við ákærða. Smám saman hafi tekist að vinna traust og hafi þá meira komið í ljós.

G lögreglumaður, kom á vettvang og ritaði frumskýrslu málsins. Var honum minnstætt það uppnám sem var á staðnum eftir að ákærði kom heim til þeirra. Vinkona þeirra hafi verið þarna og túlkað fyrir lögregluna. Ekki þykir ástæða til þess að rekja skýrslu vitnisins frekar. *H, verkefnastjóri [...]*, var einnig kölluð á vettvang af sama tilefni. Verulega mikið uppnám hafi skapast á heimilinu þegar ákærði kom þangað. Vitnið kvað ákærða þó hafa hringt í hana á undan og látið vita að hann ætlaði að koma þar við í ákveðnum tilgangi. Hann var þó farinn þegar hún kom. Vitnið kvað D, sem hafi verið stödd þarna, hafa sagt henni frá upptöku sem hún hafði í fórum sínum.

III.

Niðurstaða

Ákærða er samkvæmt fyrsta ákærulið gefið að sök kynferðisbrot gegn dóttur sinni A með því að hafa í fleiri skipti káfað á kynfærum hennar innanklæða.

Í skýrslutöku í Barnahúsi greindi A frá háttsemi brotaþola og sýndi með látbragði hvernig hann nuddaði kynfæri hennar. Kvað hún kærða hafa snert hana oft en einu sinni undir náttbuxunum og mátti skilja hana sem svo að hún hafi látið sem hún svæfi en langað til að öskra. Þetta hafi átt sér stað í stofunni oft en einu sinni. Vitnið D sem virðist vera sú fyrsta sem greip til aðgerða vegna grunsemda um kynferðislegt ofbeldi gegn A kvað hana hafa sýnt sér á dúkku hvernig ákærði nuddaði klot hennar en ekki tjáð sig að öðru leyti um það. Móðir A, C og systir hennar B bera báðar að hafa séð ákærða með hönd í klofi brotaþola við mismunandi tækifæri áður en hann flutti af heimilinu. Þá báru þær um að A hefði jafnframt sagt þeim frá því og sýnt með því að nudda klot sitt.

Dómarar horfðu á upptöku af skýrslutöku A í Barnahúsi en hún var þá [...] ára gömul. Spurningar til hennar voru ekki ítarlegar hvað þetta varðar en hún sýndi ítrekað með handarhreyfingu hvernig ákærði nuddaði klot hennar. Að mati dómsins var hún trúverðug.

Ákærði hefur alfarið neitað sök og lítið tjáð sig um sakargiftirnar. Hann telur að um samantekin ráð mæðgnanna C og B sé að ræða til þess að C gæti skilið við hann og útilokað hann frá dætrunum. Þá hafi B horn í síðu hans af ýmsum ástæðum. Telur hann þær hafa haft áhrif á framburð A og hugsanlega önnur vitni. Þær mæðgur hafa ekki dregið dul á það að þær óttist ákærða af ýmsum ástæðum. Vitni í málinu hafa borið um sveiflukennnd viðbrögð þeirra. Engin ástæða er til annars en að ætla en þau séu ósvikin og er ekkert í málinu sem bendir til þess að þær beri rangar sakir á ákærða í þeim tilgangi sem hann nefnir. Þá hefur ákærði nefnt kynferðisbrot sem ætla má að A hafi orðið fyrir þegar fjölskyldan var [...]. Telur hann

að líklegt sé að það hafi áhrif á minningar A. Hvað þetta atriði varðar er víða í gögnum vikið að þessu atviki og þar gerður skýr greinarmunur á því sem talið er hafa gerst [...] og meintum brotum hér á landi.

Þrátt fyrir að vitnin B, C og D tengist A, telur dómurinn ekkert fram komið sem rýrir trúverðugleika þeirra hvað þetta varðar. Framburðir B og D eru hófstílltir og eru að mati dómsins trúverðugir. Hvað C varðar liggur fyrir að framburður hennar um þessa háttsemi ákærða hefur ekki verið á einn veg á fyrri stigum málsins. Í samtali við F félagsráðgjafa, 3. júní 3025, greindi vitnið frá þremur tilvikum er hún vaknaði um miðja nótt og hafi ákærði þá verið með hönd í klofi A innanklæða. Í skýrslutöku hjá lögreglu sex dögum síðar var hún spurð út í þetta og svaraði hún því til að hún hefði orðið vitni að þremur tilvikum er ákærði setti hönd í klop A. Hún hafi vaknað um miðja nótt og séð það. Um væri að ræða tvö tilvik á [...] og eitt á Íslandi. A hafi sofist og snerting ákærða verið fyrir utan nærbuxur. Eins og fram kom þá greindi vitnið frá fleiri tilvikum hér fyrir dómi og lýsti frekar. Hún gaf skýringar á því hvers vegna hún hefði ekki sagt svo ítarlega frá fyrr. Að mati dómsins eru skýringar hennar trúverðugar. Fyrir það fyrsta þá var skammt liðið frá því að mál þetta kom upp á yfirborðið og þá ekki fyrir hennar tilstilli. Eins og fram kom hjá vitninu F voru aðstæður fjölskyldunnar erfiðar og krefjandi. Hafi C verið hjálparþurfi og í viðkvæmri stöðu. Þá var skýrsla lögreglu löng og komið víða við. Spurningarnar beindust aðeins að litlu leyti að háttsemi ákærða gagnvart A og hún ekki ítarlega spurð.

Að mati dómsins þykir þessi ítarlegri frásögn C fyrir dómi ekki draga úr trúverðugleika hennar sem vitnis í málinu. Hins vegar er ljóst að hún er ein til frásagnar um að ákærði hafi brotið gegn A í rúmi hennar og í rúmi þeirra hjóna. Hefur framburður hennar hvað það varðar því takmarkað sönnunargildi.

Þegar til alls framangreinds er litið telur dómurinn sannað, gegn neitun ákærða, að ákærði hafi brotið gegn A með því að hafa í a.m.k. þrjú skipti káfað á kynfærum A í stofu íbúðarinnar. Ósannað er að ákærði hafi snert kynfæri hennar innanklæða heldur að snertingarnar hafi verið utanklæða. Til grundvallar er lagður framburður hennar sjálfrar sem fær stoð í vitnisburði B, C og D að hluta til, svo og skýrslu og framburði E sálfræðings hér fyrir dómi.

Brotin eru í ákæru talin hafa átt sér stað á tímabilinu frá janúar til júní á árinu 2015. Fjölskyldan kom til landsins [...]. Í ákæru eru brot gegn dætrunum sögð hafa átt sér stað á heimili þeirra [...]. Þangað fluttu þau í byrjun febrúar 2015. Ákærði dvaldi síðan þar einn þegar eiginkona hans og dætur fóru [...] í lok maí 2015 allt þar til hann flutti í annað húsnæði. Verður því lagt til grundvallar að brotin hafi átt sér stað á tímabilinu febrúar til maí 2015. Brot ákærða er rétt fært til refsíákvæðis.

Samkvæmt öðrum ákærulið er ákærða gefið að sök blygðunarsemisbrot og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa margsinnis horft á klámmyndir í viðurvist dætra sinna A og B.

Til þess að háttsemi verði heimfærð undir 209. gr. almennra hegningarlaga þarf að liggja fyrir að brot ákærða hafi verið af kynferðislegum toga. Ákærða er ekki gefið að sök að hafa sýnt brotapolu klámefni heldur að hafa horft á slíkt efni í þeirra viðurvist. Ákærði hefur alfarið neitað að hafa horft á efni sem skilgreina má sem klámefni. Eins og áður er rakið lýstu A og B því sem þær sáu en við það fóru þær hjá sér. Á sama veg bar vitnið C. Bæði B og C forðuðust að sjá efnið. Þær vissu ekki hvaðan efnið kom en könnuðust við að ákærði hefði fengið myndir á bókasafninu. Á meðal gagna málsins er langur listi yfir alls kyns kvikmyndir sem teknar voru til útláns þaðan.

Þrátt fyrir að fyrir liggja ákveðin lýsing brotapolu og C á efni sem þær telja vera klámefni verður ekki fram hjá því litið að ósannað er hvort vísað er til þess myndefnis sem er á framangreindum lista eða hvort um annað efni hafi verið að ræða. Ekki var lagt hald á klámefni á rannsóknarstigi. Liggur því ekki fyrir sönnun þess að um efni hafi verið að ræða sem telst vera klámefni eða að öðru leyti efni sem er bannað börnum innan tiltekins aldurs. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna ákærða af ákærulið þessum.

Til hliðsjónar er vísað til dóma Hæstaréttar í málum nr. 220/2006 og 312/2009 en í þeim málum voru ákærðu m.a. ákærðir fyrir að sýna börnum efni sem sannað var að væri klámefni.

Í þriðja ákærulið er ákærða gefið að sök blygðunarsemisbrot og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa fróað sér í viðurvist A í stofunni á heimili fjölskyldunnar.

Í skýrslutöku af A kom fram að ákærði hefði í eitt skipti viðhaft háttsemi sem ótvírætt verður skilið sem svo að hann hafi fróað sér. Sýndi hún með látbragði hvernig ákærði hreyfði hendurnar upp og niður. Vitnin D, B og C bera allar um að hún hafi sagt þeim frá þessu auk þess sem hún sýndi þeim með látbragði háttsemi ákærða. Jafnframt liggur fyrir brot af upptöku á síma D þar sem A sýndi hið sama. Þá greindi hún frá þessari háttsemi ákærða í viðtalstímum hjá sálfræðingi Barnahúss.

Við sönnunarmat á framburði A um atvikið er til þess að líta að hún er ekkert spurð nánar um kringumstæður. Framburðurinn er afar rýr en þó trúverðugur svo langt sem hann nær. Engin bein vitni geta borið um atvikið en þau óbeinu vitni sem áður eru nefnd fengu ekki ítarlegri lýsingu A á atvikum. Liggur til að mynda ekki fyrir hvar hún var staðsett í stofunni þegar hún varð vitni að þessu eða annað sem gerir dóminum kleift að leggja mat á það hvort ákærði hafi vísitandi fróað sér í viðurvist hennar en ásetningur er saknæmisskilyrði þeirra lagaákvæða sem vísað er til í ákæru. Gegn eindreginni neitun ákærða og með vísan til 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

IV.

Refsiákvörðun og bótakröfur

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað hér á landi. Verjandi ákærða lagði fram sakavottorð frá [...] þar sem hið sama kemur fram. Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að ákærði braut alvarlega og ítrekað gegn ungri dóttur sinni. Til þyngingar horfir að um gróft trúnaðarbrot gegn henni var að ræða og höfðu brotin veruleg áhrif á hana. Vísast í þessu sambandi til vottorðs og framburðar E sálfræðings. Þá þykja tengsl ákærða við brotaþola hafa aukið á grófleika verknaðarins. Með vísan til 1. og 4. tl. 1. mgr. 70. gr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði.

Rannsókn máls þessa hófst snemma í júní 2015. Eftir að skýrslur voru teknar af brotaþolum í Barnahúsi í júlí 2015 dróst rannsókn nokkuð, án þess að liggja alveg niðri, og var henni endanlega lokið í október 2016. Héraðssaksóknari gaf út ákæru 12. júní 2017. Verður ekki talið að dráttur á rannsókn málsins hafi verið slíkur að áhrif hafi á ákvörðun refsingar. Þá eru ekki efni til að binda refsingu ákærða skilorði að neinu leyti.

Af hálfu C voru settar fram bótakröfur fyrir hönd ólögráða dætra hennar. Með hliðsjón af niðurstöðu ákæruliðar 2 verður bótakröfu vegna B vísað frá dómi.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn A og á hún rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eins og áður er rakið var um alvarlegt brot að ræða sem í eðli sínu er til þess fallið að valda verulegum sálrænum skaða. Eins og fram kemur í skýrslu E sálfræðings glímur A við margs konar vanda. Þau brot sem hér um ræðir höfðu þó greinileg áhrif á hana og bar hún þess skýr merki. Líðan hennar hafi breyst til batnaðar þegar leið á meðferðina. Þykja bætur til hennar hæfilega ákvarðaðar 800.000 krónur og ber krafan vexti eins og í dómsorði greinir. Upphafstími vaxta er samkvæmt framsettri kröfu miðaður við þann tíma er móðir brotaþola lagði fram kæru fyrir brot gegn A. Ekki verður séð að bótakrafa hafi verið kynnt ákærða fyrir en við þingfestingu málsins og er upphafstími dráttarvaxta því 23. júlí 2017.

Með vísan til 2. ml. 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, greiði ákærði helming alls sakarkostnaðar, þar með talið helming 769.435 króna málsvarnarlauna Unnsteins Arnars

Elvarssonar héraðsdómslögmanns og helming 432.295 króna réttargæsluþóknunar Valgerðar Valdimarsdóttur hæstaréttarlögmanns, m.a. vegna vinnu þeirra á rannsóknarstigi, á móti helmingi sem greiðist úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði helming 120.000 króna reiknings, sem er annar sakarkostnaður vegna vottorðs sálfræðings A.

Sigríður Hjaltested héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Arnfríði Einarsdóttur og Lárentínusi Kristjánssyni héraðsdómurum.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í tólf mánuði.

Bótakröfu B er vísað frá dómi.

Ákærði greiði, A, 800.000 krónur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 10. júní 2015 til 23. júlí 2017 skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði helming 769.435 króna málsvarnarlauna Unnsteins Arnars Elvarssonar héraðsdómslögmanns og 432.295 króna réttargæsluþóknunar Valgerðar Valdimarsdóttur hæstaréttarlögmanns. Þá greiði ákærði 60.000 krónur í annan sakarkostnað.

Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.